




Tungumálatorgið

- Greinargerð um starfsemi síðustu missera

Efnisyfirlit

Inngangur og samantekt.....	2
Saga torgsins.....	2
Starfssamfélag torgsins og starf verkefnisstjóra.....	4
Gróska, gerjun og MenntaMiðja.....	5
Fjölbreytt verkefni á Tungumálatorginu.....	7
Vefir og verkefni tengd íslenskukennslu og fjölmennningarlegu skólastarfi.....	7
Vefir og verkefni tengd erlendum tungumálum.....	12
Spuni – símenntun/starfsþróun kennara.....	14
Ýmis fleiri verkefni tengd Tungumálatorginu.....	16
Fjármál og aðstaða.....	19
Lokaorð.....	20
Heimildir.....	21
Vefsíður sem vísað er til í þessari greinargerð.....	21


Inngangur og samantekt

Tungumálatorgið er vettvangur fyrir verkefni sem tengjast námi og kennslu tungumála og fjölmenn-
ingarlegu skólastarfi. Hugmyndafræðin um starfssamfélög leggur grunn að starfsemi á Tungumála-
torginu og reynslan hefur sýnt að tengslanet verkefnisins, þar sem góð tenging næst milli vettvangs
og fræðasamfélags er áhugavert líkan fyrir þróunarstarf í menntakerfinu. Formlegir bakhjarlar Tungu-
málatorgsins eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jöfnunar-
sjóður og Reykjavíkurborg sem tryggt hafa rekstur torgsins árin 2011-2014. Jafnframt hafa ýmsar
stofnanir, sjóðir og skólafólk út um land allt stutt á margvíslegan máta við verkefni á torginu.

Í þessari greinargerð er skýrt frá helstu verkefnum sem unnin hafa verið á Tungumálatorginu í anda
ofantalinna áherslna og samlegð sem skapast hefur með samstarfi við önnur torg. Greint verður frá
stofnun MenntaMiðju sem er samráðsvettvangur opinberra aðila og nokkurs konar regnhlíf yfir þró-
unarstarf í anda Tungumálatorgs og fleiri torga.

Saga torgsins

Tungumálatorgið er verkefni sem byggir á opinberri stefnumótun, sýn á stöðu, þarfir og framtíð
skólastarfs ásamt starfi og stuðningi fjölmargra aðila. Á mynd 1 má sjá mikilvægar vörður í sögu torgs-
ins sem greint er frá hér að aftan.



Mynd 1: Tímaás sem sýnir mikilvæg tímamót í sögu og þróun Tungumálatorgsins

Verkefnið var upphaflega skilgreint árið 2008 í menntamálaráðuneytinu og hlaut vilyrði fyrir styrkveitingu í tengslum við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Í kjölfar aðgerða til lækkunar á ríkisútgjöldum árið 2009 var verkefnið skorið niður en fór engu að síður af stað með stuðningi og samstarfi margra aðila.

Eiginleg framkvæmd verkefnisins hófst á síðari hluta ársins 2009 með viðtölum við hagsmunaaðila, greiningu opinberrar stefnumótunar, skýrsluskrifum, mótun verkefnis, umsóknum um styrki og myndun mikilvægs tengslanets.

Frá áramótum 2009-2010 var unnið að frekari mótun hugmyndafræðinnar, skipulagi og uppsetningu Tungumálatorgs. Gerð var þarfagreining á tæknimöguleikum og jafnframt var safnað fjölbreyttu upplýsinga- og námsefni og sífellt fleira fagfólk lagði verkefninu lið.

Í nóvember 2010 varð afrakstur fyrsta þróunarhluta verkefnisins sýnilegur þegar vefsetur Tungumálatorgsins opnaði á slóðinni www.tungumalatorg.is




Mynd 2. Frá opnun Tungumálatorgsins á Degi íslenskrar tungu í nóvember 2010

Verkefnið hefur frá upphafi haft sterk tengsl við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og vorið 2011 ritaði Jón Torfi Jónasson, forseti sviðsins bréf til Jöfnunarsjóðs þar sem sótt var um stuðning til að hýsa verkefnið í þeim tilgangi að styrkja tengsl vettvangs og fræðasamfélagsins. Um svipað leyti og stuðningur frá Jöfnunarsjóði fékkst til þriggja ára var einnig gerður þriggja ára samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg um þátttöku í rekstri torgsins á Menntavísindasviði. Þessi mikilvægi stuðningur einstaklinga og opinberra aðila hefur gert það að verkum að aðstaða og rekstur torgsins er tryggður fram á mitt ár 2014.

Frá því að verkefnið hófst og sér í lagi á þeim tveimur árum sem liðið hafa frá því að Tungumáltogið opnaði með formlegum hætti í nóvember 2010 hafa ýmis verkefni verið unnin á vettvangi torgsins, sérvefjum hefur fjölgað töluvert og umferð um vefinn aukist umtalsvert. Hér að aftan verður greint frá helstu verkefnum sem tengjast torginu, samlegð sem skapast hefur í samstarfi við önnur torg og stofnun MenntaMiðju sem er samráðsvettvangur opinberra aðila og nokkurs konar regnhlíf yfir þróunarstarf í anda Tungumálatorgs og fleiri torga.

Starfssamfélag torgsins og starf verkefnisstjóra

Tungumálatorgið er verkfæri sem byggir á hugmyndafræði um starfssamfélög (e. Communities of Practice). Starfssamfélög myndast utan um hóp eða hópa fólks sem deilir áhuga eða ástríðu fyrir viðfangsefnum sem hópurinn starfar við. Til að ná árangri hella þátttakendur sér út í sameiginleg verkefni og umræður, hjálpast að og skiptast á upplýsingum (Etienne Wenger). Starfssamfélög eru því kjörinn farvegur til að flytja upplýsingar, miðla góðum fyrirmyndum, gefa ráð og kalla eftir viðbrögðum.



Mynd 3. Starfsemi á torginu má tengja við níu megin svið (Wenger, White og Smith, 2010)

Fjölmarginir einstaklingar hafa tekið þátt í mótun Tungumálatorgsins og taka má fram að starfsfólk mennta- og menningarmálaráðuneytis, Tungumálavers, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, þjónustumiðstöðva Reykjavíkur, Jöfnunarsjóðs, einstaka skóla, mennta- og menningarstofnana um land allt hefur stutt við verkefnið á margvíslegan hátt. Þessir einstaklingar, kennarar um land allt, háskólanemar og fleira skólafólk hefur tekið þátt í starfsemi torgsins og á þakkir skyldar fyrir sinn þátt í uppbyggingu þess.




Mynd 4: Glæra sem birt var við opnun Tungumálatorgsins

Starf verkefnisstjóra Tungumálatorgsins felst í margvíslegum verkum og hefur Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir gegnt því frá upphafi. Hefur hún í góðu samstarfi við fjölmarga aðila unnið að uppbyggingu torgsins. Geta má þess að Þorbjörg er nú í 50% stöðu verkefnisstjóra á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og í 50% stöðu kennsluráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Samanlagt mynda þessar tvær stöður 100% stöðu verkefnastjóra Tungumálatorgsins. Reynslan hefur sýnt að tengslanet verkefnisins og þessi samsetning starfs verkefnastjóra hefur haft mikið gildi fyrir verkefnið.

Gróska, gerjun og MenntaMiðja

Fyrirnefnt tengslanet verkefnisins gerði það af verkum að árið 2011 hófst samstarf verkefnisstjóra Tungumálatorgsins við Svövu Pétursdóttur sem verkstýrir Náttúrutorgi og Hönnu Rún Eiríksdóttur sem verkstýrir Sérkennslutorgi. Upp úr þeirri fyrirmynd sem Tungumálatorgið er og öflugu samstarfi og uppbyggingu í kringum torgin þrjú hefur orðið til víðtækara samstarf ýmissa aðila er nefnist MenntaMiðja. Um er að ræða samráðsvettvang um skólastarf sem er ætlað að byggja brýr milli aðila innan skólasamfélagsins og skapa vettvang til samstarfs með gagnkvæman ávinning aðila að leiðarljósi.

Mismunandi torg eða gáttir eru grunneiningar MenntaMiðjunnar. Starfsemi getur verið með ólíkum hætti milli torga. Viðfangsefni torganna geta varðað samstarf og símenntun, upplýsingamiðlun, náms- efni, formlegt og óformlegt nám, kennsluaðferðir, ráðgjöf, starfsþróun og fleira. Áhersla á tengingar milli stofnana, skóla og fræðasamfélags eru lykilatriði í miðjunni.



Mynd 5: Táknmynd fyrir MenntaMiðju og þá brú sem hún er á milli vettvangs og fræðasamfélags

MenntaMiðja (sjá einnig www.menntamidja.is) var formlega opnuð á Menntakviku í október 2012. Aðilar að MenntaMiðju við opnun hennar voru: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið HÍ, Hug- og félagsvísindasvið HA og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Samráð aðila að MenntaMiðjunni felur hvorki í sér faglegar né fjárhagslegar skuldbindingar við starf MenntaMiðju eða torga. Aftur á móti myndast visst bakland fyrir torgin sem eiga hvert sinn fulltrúa í hópnum. Samráðið getur einnig stuðlað að því að opna og virkja boðleiðir fyrir upplýsingamiðlun,

leiðsögn og samstarf um rannsóknar- og þróunarverkefni á starfsviði skóla-, frístunda- og fræðasamfélagsins.



Mynd 6: Viljayfirlýsingin undirrituð. Frá vinstri: Stefán Stefánsson, staðgengill skrifstofustjóra mennta- og menningar-
málaráðuneytisins, Guðríður Arnardóttir, varaformaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórður Hjaltested,
formaður Kennarasambands Íslands, Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, Sigurður Kristinsson, forseti Hug- og
félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, og Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Verkefnið er vistað á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem tekur að sér ábyrgð á daglegum rekstri. Eignarhald á verkefninu er sameiginlegt með samstarfsaðilum. Menntavísindasvið fylgir einnig verkefninu úr hlaði og tekur að sér að leiða samráðshópin fyrsta tímabilið. Gert er ráð fyrir að torgin geti rekið sig sjálf með styrkjum og útseldri þjónustu, og hjá þeim liggur einnig fagleg ábyrgð og ritstjórn á efni sem birt er á vef.



Mynd 7: Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor og deildarforseti Kennaradeildar,
segir frá MenntaMiðju á Menntakviku

Í kjölfar undirritunar viljayfirlýsingar við opnun MenntaMiðjunnar var skipaður samráðshópur um verkefnið sem mun móta verkefnið og styðja við starfsemi á torgunum. Menntavísindasvið Háskóla Íslands sótti jafnframt um styrk fyrir starfi verkefnastjóra á MenntaMiðju í afmælissjóð Háskóla Íslands og hlaut stuðning til þriggja ára. Verkefnastjóri MenntaMiðju mun hefja störf á nýju ári og hlutverk hans verður meðal annars að styðja við torg sem þegar eru starfandi, við þau ýmsu torg sem fyrirsjáanlegt er að bætist við á næstu mánuðum og sinna rannsóknum á þessum sprotum í skóla-
starfi.

Fjölbreytt verkefni á Tungumálatorginu

Auk þess að Tungumálatorgið hafi verið fyrirmynd að starfsemi annarra torga og starfsemi á torginu tengst mótun MenntaMiðjunnar hafa ýmis fjölbreytt verkefni verið unnin í tengslum við Tungumálatorgið á síðustu misserum. Hér að aftan má finna yfirlit yfir stærstu verkefni á torginu.



Mynd 8: Efni á Tungumálatorginu tengist fjölbreyttri starfsemi og ýmsum tungumálum

Vefir og verkefni tengd íslenskukennslu, móðurmálskennslu og fjölmennningarlegu skólastarfi

Veigamikill hluti af starfsemi Tungumálatorgsins tengist íslenskukennslu og menntamálum innflytjenda. Í þessu samhengi hefur upplýsingum verið miðlað, efnisvefir verið unnir, samfélög kennara á Facebook stofnuð, starfsdagar og námskeið verið haldin og í lok ársins var torgið aðili að tveimur þingum er tengjast málaflokkinum, annars vegar um móðurmálskennslu og hins vegar Hringþingi um menntamál innflytjenda. Auk verkefnisstjóra hafa fjölmargir aðilar komið að starfseminni og vert er að taka sérstaklega fram að samstarf við Huldu Karen Daniélsdóttur, kennsluráðgjafa hefur skilað margvíslegum sprotum á og í tengslum við torgið.

Eftirfarandi verkefni tengjast íslensku sem öðru máli og fjölmennningarlegu skólastarfi.

- Vefurinn [Íslenska sem annað mál](#) er upplýsingamiðja og vettvangur tengdur kennslu íslensku sem annars máls. Anna Guðrún Júlíusdóttir hefur haft veg og vanda af vinnslu efnis á vefnum með það að leiðarljósi að að færa kunnáttu sérfræðinga og fræði-



manna út í skólana en um leið að safna upplýsingum frá kennurum um hvað virkar og hvað ekki samkvæmt þeirra reynslu. Mikilvægur þáttur er að stuðla að samvinnu almennra kennara og kennara sem kenna íslensku sem annað mál. Kennsluráðgjafarnir Dröfn Rafnsdóttir í Reykjanesbæ, Arnbjörg Eiðsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir hjá Þjónustuðmiðstöð Breiðholts, Hulda Karen Daniëlsdóttir hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Kristín Vilhjálmsdóttir, verkefnisstjóri hjá Borgarbókasafni hafa einnig lagt til efni fyrir vefinn og tekið þátt í að miðla fréttum á honum.

- Á vefnum [Verkfærakista - íslenska sem annað mál](#) má finna ýmis [úrreði](#) og efni sem safnað var í [efnisbanka](#) í tengslum við [starfsdag kennsluráðgjafa](#) sem haldinn var 20. febrúar 2012. Dagurinn heppnaðist vel og var þátttakan mjög góð því u.þ.b. 45 kennsluráðgjafar, kennarar, skólastjórnendur og annað fagfólk alls staðar að af landinu mættu og unnu rösklega saman allan daginn. Hulda Karen Daniëlsdóttir hafði frumkvæðið að starfsdeginum og hún er ritstjóri síðunnar.



Mynd 9: Myndir frá starfsdegi í febrúar 2012

- Sameiginlegur efnisbanki er tengist kennslu íslensku sem annars máls er verkefni tengt Tungumálatorginu sem hófst árið 2010. Töluverðu efni hefur verið safnað (meðal annars í Drop-box-möppur og inn á verkfærakistu-vefinn) og mun efnið verða flokkað, yfirfarið og unnið inn á vefinn árið 2013. Vonandi mun það verkefni einnig njóta góðs af vinnu í vefkerfi fyrir opið menntaefni sem til stendur að tengja við vef MenntaMiðjunnar.
- [Íslenska fyrir útlendinga](#) er vefur ætlaður íslenskukennurum um allt land sem kenna fullorðnum innflytjendum íslensku. Vefurinn er sameiginlegur vettvangur fyrir kennara til að fá upplýsingar um efni og aðferðir við kennslu. Þorbjörg Halldórsdóttir og Selma Kristjánsdóttir verkefnisstjórar hjá Mími-Símenntun annast ritstjórn vefsins.
- Vefurinn [Íslenska fyrir alla](#) á Tungumálatorginu inniheldur námsefni fyrir fullorðna námsmenn sem læra íslensku sem annað eða erlent mál. Um er að ræða fjórar grunnbækur sem fylgja kennsluleiðbeiningar, hljóðefni og viðbótarefni. Efnið var unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Höfundar efnis eru Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir og höfundur mynda er Böðvar Leós. Frá því að þessi vefur var opnaður hefur umferð um hann aukist og er hann nú sá vefur á torginu sem er mest sóttur.
- Á vefnum [Viltu læra íslensku](#) eru tuttugu og einn leikinn sjónvarpsþáttur sem tekinn er upp á



heimilum, opinberum stöðum og í kennslustofu. Á síðu hvers þáttar er birt yfirlit yfir innihald þáttarins á ensku, íslensku, pólsku og spænsku. Þættirnir eru auk þess textaðir með íslenskum texta sem hægt er að nálgast á vefnum.

Þættirnir voru upphaflega sýndir í sjónvarpi árið 2003 en árið 2008 fékk mennta- og menningar- málaráðuneytið réttinn til að dreifa efnum og birta það á neti. Þættirnir hafa verið nýttir í kennslu um allt land í nokkur ár og birtir á neti í lok ársins 2010.

Tölur um umferð á vefjum Tungumálatorgsins sýna að þessir þættir eru mikið sóttir bæði innanlands og erlendis frá.



- Unnið er að gerð gagnvirkra verkefna með sjón- varpsþáttunum og hefur [prufubáttur](#) verið sendur til umsagnar hjá samstarfsaðilum.
- [Vefurinn Íslenska erlendis](#) er upplýsingamiðja um íslenskukennslu íslenskra barna erlendis. Af vefnum er vísað á sérstaka síðu á Facebook fyrir þá sem hafa áhuga á [íslenskukennslu fyrir íslensk börn búsett utan Íslands](#).



Hægt er að leita til Tungumálatorgsins eftir ráðgjöf tengdri skólastarfsemi og íslenskukennslu erlendis sem og stuðningi við svo kallaða snúbúa, þ.e. börn með íslenskar rætur sem flutt hafa til landsins eftir búsetu erlendis.

- Tungumálatorgið var aðili að [Hringþingi um mennta- mál innflytjenda](#) í leikskólum, grunnskólum, fram- haldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu sem var haldið föstudaginn 14. september 2012 í Rúgbrauðs- gerðinni í Reykjavík. Markmið þingsins var að: skapa samræðuvettvang þeirra sem koma að menntamálum innflytjenda, draga fram stöðuna í menntamálum innflytjenda á öllum skóla- stigum, kalla eftir forgangsriðun verkefna í þróun menntunar innflytjenda, fá kynningar á fyrir- myndarverkefnum í námi og kennslu innflytjenda á öllum skólastigum og greina forgangsverkefni fyrir væntanlega framkvæmdaáætlun ríkis og sveitarfélaga. Hringþingið tókst í alla staði vel og mættu yfir 240 þátttakendur á þingið.
- [Meir' en að segja það! Málþing um móðurmál](#) var haldið í Gerðubergi – 9. nóvember 2012. Að þinginu stóðu Borgarbókasafn Reykjavíkur, Rannsóknarstofa í Fjölmenningu við HÍ, Samtökin Móðurmál, skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Gerðuberg og Tungumálatorg. Málþingið var vel heppnað og vel sótt og mun líkt og Hringþingið í september hafa áhrif á málaflokkinn og sér í lagi stöðu móður- málskennslu á Íslandi.
- Félagið Tékkneska á Íslandi var stofnað í lok árs 2011 og felst starf félagsins í því að viðhalda móðurmáli barna af



tékkneskum uppruna og að kynna fyrir þeim tékkneska menningu. Félagið er með [vef á Tungumálatorginu](#) sem veitir innsýn í starfsemi er tengist móðurmálskennslunni. Renata Peskova Emilsson er ritstjóri vefsins.



Mynd 10: Myndir frá tékkneskri móðurmálskennslu fengnar af vef þess á Tungumálatorginu

- Filippseyska móðurmálsfélagið, var stofnað á árinu 2012 í þeim tilgangi að efla filippseysku sem móðurmál barna af filippseyskum uppruna. Samkvæmt Hagstofu Íslands höfðu 150 nemendur á höfuðborgarsvæðinu filippseysku sem móðurmál árið 2011. Þetta er næst fjölmennasti hópur nemenda með erlent móðurmál á Íslandi. Félagið sem vill stuðla að aukinni fræðslu og kynningu þessara nemenda á móðurmáli sínu er með [vef á Tungumálatorginu](#) þar sem fylgjast má með móðurmálskennslunni. Ritstjóri vefsins er Kriselle Lou Suson Cagatin.



Mynd 11: Myndir frá starfi filippseyska móðurmálsfélagsins fengnar af vef þess á Tungumálatorginu

- Á Tungumálatorginu má finna upplýsingavef fyrir [for-eldra pólskra barna](#) þar sem margvíslegu efni um íslenskt skólakerfi er miðlað. Efnið er gert til að auðvelda foreldrum aðfluttra barna við að fóta sig í rafrænu umhverfi íslensks skóla, nálgast upplýsingar um börn sín og fylgjast með gengi þeirra og framförum. Efnið á pólska vefnum hefur verið unnið af Emiliu Mlynska en Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, deildarstjóri í Tungumálaveri hefur haft forgöngu um efnismiðlun á vefnum. Að hennar frumkvæði hafa jafnframt verið unnar þýðingar á [leiðbeiningum til foreldra um vefkerfið Mentor.is](#) á pólsku, litháísku, spænsku og víetnömsku. Á svæðum þessara tungumála eru einnig [eyðublöð](#) fyrir foreldra, sem unnin eru í samvinnu við skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, til að



óska eftir undanþágu frá skyldunámi í erlendu tungumáli og til að fá viðukenningu skóla á kunnáttu nemenda í eigin tungumáli sem hluta af skyldunámi.



- Á [spænska](#) og [íþalska](#) vefnum á Tungumálatorginu er jafnframt að finna efni sem styður við móðurmálsnám barna sem eiga íslensku sem annað mál.



- Pólskukennsla fyrir byrjendur, [Polski ABC](#) á Tungumálatorgi er námsefni í pólsku í vinnslu og eru fyrstu tveir kaflar efnisins tilbúnir. Höfundur er Anna Krzanowska, kennsluráðgjafi í Tungumála-veri. Efnið er unnið í samvinnu við nemendur Önnu í 7.—10. bekk fyrir styrk frá Innanríkis-ráðuneyti.
- [Brúin](#), samskiptaverkefni á netinu fyrir grunnskólanemendur, fór fram á netinu á tímabilinu 28. október - 16. desember 2011. Nemendur sem læra dönsku, norsku og sænsku í skólum á Íslandi og íslensk ungmenni er búa á Norðurlöndum tóku þátt. Á fimm vikum höfðu þátttakendur samskipti í gegnum vef verkefnisins (www.leikar.net/bruin) og unnu að lokaverkefnum. Við vinnu og útfærslu verkefna var lögð áhersla á að þátttakendur notuðu að minnsta kosti tvö Norður-landamál og tengdu viðfangsefni við norrænan veruleika. Að öðru leyti höfðu nemendur mikið frelsi við gerð lokaverkefna sem skila átti á stafrænu formi sem hljóð- texta- og/eða myndefni. Margvísleg lokaverkefni bárust og notuð nemendur fjölbreytt verkfæri við vinnslu þeirra. Veitt voru verðlaun fyrir bestu verkefni og allir nemendur fengu jafnframt viðurkenningarskjal fyrir þátttöku sína.

Eins og fram kemur í [lokaskýrslu](#) um verkefnið felst afrakstur af Brúar-verkefninu í margvíslegum og skemmtileg verkefnum nemenda en umfram allt í fyrirmynd, ferli og umgjörð að samskipta-verkefni sem einfalt er að endurvinnna á netinu.



- Verkefnið [Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi](#) hefur það að meginmarkmiði að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Samstarfsaðilar í Okkar mál verkefninu eru Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Miðberg, Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi – Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts.



Verkefnið er styrkt af þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs og tengist verkefnisstjórarstarfi Þorbjargar Þorsteinsdóttur hjá Reykjavíkurborg. Um er að ræða afmarkað verkefni sem er gott dæmi um hvernig vettvangstenging skólastarfs við akademískt starf á háskólastigi getur þrífist í tengslum við Tungumálatorgið.

Vefir og verkefni tengd erlendum tungumálum

Vefir tengdir tungumálum sem skilgreind eru í aðalnámskrám eru nokkrir á Tungumálatorginu. Brynhildur Ragnarsdóttir, deildarstjóri í Tungumálaveri og formaður STÍL, samtaka tungumálakennara á Íslandi hefur tekið þátt í mótun og uppbyggingu margra verkefna á Tungumálatorginu. Það gildir meðal annars um þessa vefi sem hún hefur umsjón með og byggir upp í samstarfi við fjölmarga tungumálakennara sem einnig leggja til efni og upplýsingar inn á vefina.



- Markhópur [enska vefsins](#) á Tungumálatorgin eru kennarar í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og fullorðinsfræðslu. Vefurinn inniheldur margvíslegt efni og hugmyndir að fjölbreyttum kennsluháttum sem auðgað geta nám og kennslu.




Á torginu eru þó nokkrir vefir er tengjast norrænum málum. Þar er að finna norska, sænska og þónokkra danska vefi með efni og upplýsingum er tengjast námi og kennslu tungumálanna.

- Danski vefurinn á Tungumálatorginu sem ber heitið [Samfélag dönskukennara](#) er fyrir dönskukennara um allt land og inniheldur efni og upplýsingar kennsluhætti sem gefist hafa vel.
- Vefurinn [Gode idéer fra Dagný](#) inniheldur fjölbreyttar kennsluhugmyndir frá Dagnýju Reynisdóttur dönskukennara í Engjaskóla. Útikennsla, hringekjur og fjölbreytt námsmat er meðal efnis. Lögð hefur verið áhersla á að miðla efni úr kennslunni með myndum og myndbandsbrotum.
- Vefurinn [Nordlys](#) er hluti af átaki til að efla norræna málvitund og málskilning barna og ungmenna. Vefurinn inniheldur efni og hugmynd að útfærslu að nokkurra vikna kennslu sem hefur það að markmiði að nemendur geti gert sig skiljanlega í norrænum samskiptum, öðlist skilning á norrænu samstarfi og gagnkvæmri samkennd þjóðanna í milli.



- Þemalýsingarnar á vefnum [Norden](#) eiga rætur í verkefni sem styrkt var af Nordisk Ministerråd árið 1994 til að draga fram það sameiginlega í norrænni menningararfleifð og sýna fram á hve nátengt líf á Norðurlöndum er. Í vefútgáfunni frá 2012 er lögð áhersla á tungumálin, skyldleika þeirra og þá menningarþætti sem tengja norrænu þjóðirnar. Tungumálunum er stillt upp hlið við hlið og hægt er að lesa sama textann á íslensku, dönsku, norsku, sænsku og færeysku og sjá hvað margt er líkt með málunum.
- 
- Árum saman hafa danskir gesta- og farkennarar komið til Íslands í gegnum danskt-íslenskt samstarfsverkefni. Vefurinn [Rejselærernes hjørne](#) er svæði fyrir afrakstur af starfi dönsku farkennaranna og verður því fleiri kennurum, en þeim er ná að hitta kennarana, aðgengilegt á neti.
- 
- Á [Drivkraft](#) vefnum má finna safn lýsinga á fjölbreyttum þemaverkefnum sem henta nemendum sem leggja stund á dönsku á framhaldsskólastigi.
- 
- Netefnið [Netdansk](#) er námsefni sem hentar vel í einstaklingsmiðuðu námi fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla sem hafa forskot í dönsku umfram jafnaldra sem læra málið sem erlent mál. Efnið var upphaflega unnið árið 2004 og vistað á vef Reykjavíkurborgar en var fáum árum síðar lokað vegna tæknilegra tilfæringa á vefþjónum borgarinnar. Tækifærið var gripið þegar vefsvæði Tungumálatorgsins var opnað og vefurinn gerður aðgengilegur að nýju.
- 
- Vefurinn [Mobilen i undervisningen](#) var settur upp á Tungumálatorginu í tengslum við námskeið sem haldið var fyrir dönsku-, norsku- og sænskukennara árið 2011. Markmið þess var að beina sjónum að því hvernig nýta má farsíma og rafræna miðla á fjölbreyttan hátt við nám og kennslu tungumála.



Mynd 12: Myndir frá námskeiðinu Mobilen i undervisningen sem haldið var fyrir norsku, sænsku og dönskukennara


Spuni – símenntun/starfsþróun kennara

Hér að framan hefur verið minnst á starfsdag kennsluráðgjafa sem haldinn var í febrúar 2012 og námskeiðið Mobilen í undervisningunni sem haldið var í nóvember 2011. Nokkuð viðamikil starfsemi á Tungumálatorginu hefur einnig tengst símenntunartilboðum til kennara sem nefnist Spuni.

- Tvisvar hafa verið haldin 8 vikna netnámskeið fyrir kennara út um allt land þar sem bent er á margvísleg verkfæri á neti sem henta til að auka notkun upplýsingatækni í skólastarfi og styðja við fjölbreytta kennsluhætti. Á námskeiðunum [Spuni 2011](#) og [Spuni 2012](#) fylgdust þátttakendur með kynningum, tóku þátt í umræðu um gagnsemi verkfæra, svöruðu könnunum, ígrunduðu starf sitt og prófuðu valin verkfæri með eigin nemendum.



- Auk þessara tveggja netnámskeiða tóku þátttakendur í grunnskólum á Borgarfjarðarsvæðinu og í Menntaskólanum í Borgarnesi þátt í verkefni er nefndist [Spuni í Borgarfirði](#). Fræðslufundur og námskeið var haldið í Menntaskólanum og verkefnisstjórum í skólanum var veitt handleiðsla.
- Auk ofantalinnar fræðslu hafa stuttar kynningar um möguleika upplýsingatækni í námi og kennslu verið haldnar í nokkrum grunnskólum, í framhaldsskóla, hjá fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu á höfuðborgarsvæðinu og í námskeiðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.



Mynd 13: Merkingar á Íslandskorti sýna búsetu þátttakenda á Spuna-námskeiðið er haldið var í lok árs 2012

- Eins má nefna að kynningin [Spuni 2011 – Netverkfæri til náms og kennslu](#) var haldin í málstofu RANNUM á Menntakviku 2011. Í erindinu var fjallað um hönnun og útfærslu námskeiðsins, þátttöku kennara og notkun þeirra með eigin nemendum. Kynntar voru niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir í lok námskeiðs, fjallað um hugmyndafræði starfssamfélaga og möguleika starfsþróunarnámskeiða í anda Spuna þar sem áhersla er lögð á samræður, ígrundun, samvinnu kennara og samhengi við starfið

Af reynslunni er tengist Spuna á Tungumálatorginu er ljóst að mikilvægt er að bæta möguleika kennara á því að efla þekkingu sína á notkun upplýsingatækni í skólastarfi og miðla fyrirmyndum og dæmum úr kennslu. Stefnt er á það að bjóða upp á fleiri Spuna-námskeið á vegum Tungumála-

torgsins því þau eru kjörin leið til að efla þekkingu, skapa umræðu um raunhæf verkefni og fjölbreytta kennsluhætti í skólastarfi. Eftirfarandi umsagnir tveggja þátttakenda á netnámskeiðinu Spuni 2011 styðja við fullyrðingar um gagnsemi námskeiðsins og undirstrika jafnframt að verkefni sem fram fara á neti stuðla að jöfnuði óháð búsetu kennara.

Frábært námskeið- “just what the doctor ordered”. Hef verið mikið að þæla í skólastarfið í vetur- fannst námsefni, námsaðferðir og námsumhverfi í skólanum óviðunandi, gamaldags og bara leiðinlegt! var mjög niðri fyrir. Fannst kennarar vera úreldir. Vissi ekki hvernig átti að breyta til- hef núna fullt af frábærum verkfærum til að nota, sjálfstraustið aðeins upp á við! (Tungumálakennari á Suðurlandi).

Við sem búum svona úti á landi missum oft af námsskeiðum sem eru í boði á höfuðborgarsvæðinu og vissulega er það þannig í krafti fjöldans að það eru meiri möguleikar og fjölbreyttari tækifæri fyrir kennara af Suðurlandinu að nýta námsskeið sem eru í boði þar. Þess vegna eru svona námsskeið í fjarnámi einstaklega heppileg fyrir okkur og því þarf að kynna þetta vel svo við missum ekki af (Tungumálakennari á Austurlandi).

Í ágúst 2012 hélt félagið Ísbrú sumarnámskeið fyrir kennara á öllum skólastigum sem kenna nemendum með íslensku sem annað tungumál. Námskeiðið nefndist [Kennarinn, tæknin og verkfærin](#) og var athygli þátttakenda verður beint að verkfærum sem tengjast samskiptum, skapandi verkefnavinnu, hljóð- og myndvinnslu, miðlun efnis, höfundarrétti o.fl. Efni af Spuna-námskeiðunum var meðal annars kynnt á þessu námskeiði.



Mynd 14: Myndir frá starfsdegi kennsluráðgjafa, fundum og fræðslu í Borgarfjarðarverkefni, samráði starfsmanna á Menntavísindasviði HÍ, námskeiði félagsins Ísbrúar og Mobilen-námskeiði dönsku, sænsku og norskukennara

Ýmis fleiri verkefni tengd Tungumálatorginu

Tungumálatorgið er vettvangur fyrir verkefni sem tengjast námi og kennslu tungumála og fjölmenn-
ingarlegu skólastarfi. Á torginu hafa verið unnin ýmis verkefni og settir upp vefir fyrir verkefni sem
tengjast þessum áherslu.

- [Vinnusvæði um námskrá í erlendum tungumálum](#) er vefur sem Brynhildur Ragnarsdóttir setti
upp í tengslum við vinnu við námskrá í erlendum tungumálum sem haldinn var 9. febrúar
2012 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- Vefur tengdur [SÍSL-verkefninu](#) hýsir upplýsingar um verkefnið og afmarkaða áherslupætti
þess er tengjast PALS, SIOP, 6+1 Trait og stöðvavinnu. Hulda Karen Daníelsdóttir hefur haft
frumkvæði að verkefninu.
- Little Learners er nýtt verkefni á Tungumálatorgi sem styrkt er af Sprotasjóði. Það byggir á
hugmynd Huldu Karenar Daníelsdóttur og verður unnið í samstarfi Austurbæjarskóla, Þjón-
ustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Tungumálatorgs. Markmið verkefnisins er að nýta efni
af vefnum Little Learners (<http://www.littlelearner.eu>) til að auðvelda skólum móttöku, að-
lögun og samskipti við nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra. Verk-
efnið verður jafnframt tengt við endurskoðun á móttökuhandbók Skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkur.
- Sólveig Jakobsdóttir, forstöðumaður Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun hafði
frumkvæði að því að bjóða [Etienne Wenger og Beverly Trayner](#) til landsins í byrjun október.
Þau héldu tveggja daga vinnustofur fyrir valinn hóp þátttakenda í Skálholti og jafnframt opin-
beran fyrirlestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands auk opinnar vinnustofu. Tungumálatorgið tók
ásamt fleirum þátt í því að fá Wenger-Trayner hjónin til landsins enda byggir starfsemi þess á
kenningum Etienne Wenger um starfssamfélög. Mikill ávinningur var af því að fá þau til
landsins og kynnast hugmyndunum sem hafa mikið hagnýtt gildi í tengslum við starfsþróun,
nám og kennslu.



Mynd 15: Frá vinnustofu Wenger-Trayner í Skálholti í október 2012

- Sú hefð hefur skapast að í desember opnist einn gluggi á dag í jóladagatali á Tungumálatorginu. Nú hafa þrjú jóladagatöl [jóladagatal 2010](#), [jóladagatal 2011](#) og [jóladagatal 2012](#) litið ljós á Tungumálatorginu.



- Síðastliðin þrjú sumur hafa háskólanemar fengið sumarvinnu við Tungumálatorgið í gegnum Menntavísindasvið Háskóla Íslands með stuðningi frá Vinnumálstofnun. Vinna þeirra þriggja nema sem starfað hafa við torgið hefur verið vönduð og skilað miklum afrakstri inn á torgið. Jafnframt hafa nemar við Menntavísindasvið komið að afmörkuðum einingarbærum verkefnum á torginu. Reynslan hefur sýnt að gagnkvæmur ávinningur er af þessum verkefnum og vel mætti gera meira af því að nýta þann auð sem býr í nemum á háskólastigi.
- Í faghópum kennara á Facebook hefur á síðustu misserum átt sér stað merkileg þróun sem vafalítið er upphaf að viðurkenndum lið í starfsþróun kennara. Ef stofnaðir eru hópar þurfa meðlimir ekki að vera vinir í samfélaginu en geta engu að síður tekið þátt í umræðum, komið með ábendingar og skipst á skoðunum auk þess að vinna saman að viðfangsefnum tengdum starfinu. Til dæmis hafa sprottið upp á Facebook faghópar kennara í tengslum við Tungumálatorgið og systurverkefni þess á MenntaMiðju. Virkni sem sést hefur í hópunum er til að mynda samvinna um aðlögun námsefnis, margvíslegu efni er deilt til samfélagsins, umræða fer fram á milli skólastiga um inntak náms, leitað er ráða, spurt er um búnað og kennslugögn, frásagnir af kennsluháttum birtast og umræða sem nær á dýptina fer fram um inntak og útfærslu skólastarfs.



Mynd 16: Dæmi um þrjá virka hópa kennara á Facebook

- Eins og fram kemur á [kynningarsíðu](#) torgsins hefur Tungumálatorgið verið kynnt með margvíslegum hætti á ýmsum ráðstefnum og kynningum um nám og kennslu. Kynningar hafa

einnig farið fram í tímaritum, vefmiðlum, félagsnetum, á fundum kennsluráðgjafa og námskeiðum fyrir kennara.

- Eins og fram hefur komið hefur tengslanet verkefnisins, tvískipt staða verkefnisstjóra hjá bæði Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands haft jákvæð áhrif á verkefnið. Samstarf og ýmis verkefni sem unnin hafa verið hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts hafa vafalítið skilað starfsemi inn á torgið sem annars hefði ekki orðið. Samstarf, verkefni og hýsing Tungumálatorgsins hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands hefur einnig skapað tengsl, stuðlað að nýrri og spennandi starfsemi og styrkt verkefnið í sessi. Tenging við önnur torg, stofnun MenntaMiðju með sterkum bakhjörllum hefur jafnframt haft jákvæð áhrif á starfsemi á torginu.



Mynd 17: Myndir tengdar samvinnu, gerð efnis og miðlun á Tungumálatorginu.

Tækni og torgin

Þáttur sem hefur haft afgerandi áhrif á stöðu og þróun verkefnisins er að frá því að verkefnið tók sín fyrstu skref hefur tæknilegt umhverfi og fjölmargar tæknilausnir sem bjóðast stutt við framþróun þess. Nefna má að margvíslegur opinn og/eða ódýr hugbúnaður (t.d. WordPress vefútgáfukerfi og viðbætur þess) sem og samfélagsnet (eins og t.d. Facebook) hafa skipt miklu máli við uppbyggingu torgsins. En tæknin ein og sér er ekki nægjanleg heldur þarf hugmyndafræði um notkun hennar að vera hluti af verkefninu sem og rétt umhverfi og tæknilegur stuðningur. Vefur Tungumálatorgsins, annarra torga og MenntaMiðju er hýstur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Aðkoma Sigurbjargar Jóhannesdóttur, sérfræðings í mennta- og menningarmálaráðuneytinu hefur frá upphafi skipt megin máli í tengslum við tilurð, starfsemi og þróun torgsins. Jafnframt hefur Tryggvi Björgvins-son í sama ráðuneyti stutt dyggilega við uppbyggingu þess tæknilega landslags sem torgið byggir á.

Aðgengi að tæknilegri ráðgjöf starfsmanna í Menntasmiðju á Menntavísindasviði Háskóla Íslands hefur einnig skipt miklu fyrir tæknilega útfærslu margra verkefni á Tungumálatorginu.

Benda má á að sú áhugaverða þróun sem á sér stað í átt að virkum samskiptum og samvinnu fagfólks á neti styrkir verkefni í anda Tungumálatorgsins. Þessi virkni sem til dæmis fer fram á Facebook, hefur haft gagnleg og mótandi áhrif á virkni á Tungumálatorginu.

Tungumálatorgið hefur frá upphafi haft sterka tengingu við notkun upplýsingatækni í skólastarfi og í því samhengi má nefna Spuna-námskeiðin, þátttöku verkefnastjóra í stjórn RANNUM (Rannsóknarstofu um upplýsingatækni og miðlun á Menntavísindasviði HÍ) og vinnslu margvíslegs upplýsinga- og námsefnis fyrir net. Á síðustu misserum hefur einnig átt sér stað skemmtileg gerjun er tengist notkun á smátækjum í skólastarfi og hefur Tungumálatorgið tekið virkan þátt í samstarfi og fræðslu er tengist t.d. notkun spjalddölva í skólastarfi. Í lok þessa árs var jafnframt tekin sú ákvörðun að á næsta ári verði sérstakt upplýsingatæknitorg stofnað með aðkomu félagsins 3f, RANNUM og fleiri áhugasamra aðila. Tungumálatorgið mun verða virkur aðili að þessu nýja torgi því ljóst er að samlegðaráhrif við starfsemi þess eru mikil.




Mynd 18: Upplýsingatækni er viðamikill hluti af starfsemi tengdri Tungumálatorginu

Fjármál og aðstaða

Formlegir bakhjarlar Tungumálatorgsins eru Menntavísindasvið HÍ, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jöfnunarsjóður og Reykjavíkurborg sem gert hafa þriggja ára samninga um rekstur torgsins árin 2011-2014. Jafnframt hafa ýmsar stofnanir og sjóðir stutt við einstök verkefni sem talin hafa verið upp hér að ofan. Nefna má Sprotasjóð, Samstarfssjóð Íslands og Danmerkur, Endurmenntunarsjóð grunnskóla, Þróunarsjóð innflytjendamála, Þróunarsjóð námsgagna, Innanríkisráðuneytið, Nordplus, Norræna tungumálaverkefnið (Nordisk Sprogkampagne) og Vinnumálastofnun. Ofantalinna stuðningur hefur gert það að verkum að fjölmargir sprotar hafa náð að dafna á torginu og hafa sumir hverjir náð að festa rætur og orðið að fyrirmyndum fyrir önnur verkefni.

Haustið 2011 fékk Tungumálatorgið aðstöðu í Hamri, húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Þessi aðstaða hefur nýst vel fyrir torgið og systurverkefni (Náttúrutorg og Sérkennslutorg) á MenntaMiðjunni. Tengingin við háskólasamfélagið og staðsetning skrifstofu torgins hefur haft margvíslegan ávinning í för með sér er tengist upplýsingamiðlun, umræðum, ráðgjöf og fjölbreyttu samstarfi.



Mynd 19: Skrifstofa Tungumálatorgsins er í Hamri, húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð

Lokaorð

Hér að framan hefur athyglinni verið beint að þeim fjölmörgu verkefnum sem unnin hafa verið á og í tengslum við Tungumálatorgið á síðustu misserum. Ljóst er að tengslanet verkefnisins, áhugi, hvatning, samvinna, stuðningur og sú umgjörð sem skapast hefur um verkefnið hefur leitt af sér samlegðaráhrif og margvíslega sprota. Í raun er um að ræða áhugavert módel fyrir þróunarstarf í menntakerfinu þar sem góð tenging vettvangs og fræðasamfélags næst fram. Eins má benda á að Tungumálatorgið er verkefni sem hlýtur brautargengi umfram mörg hefðbundin þróunarverkefni skólasamfélags sem njóta athygli og dafna í takmarkaðan tíma en renna svo sitt skeið á enda án þess að ná festu og framhaldslífi. Áhugavert væri að rannsaka nánar hvernig stuðningur opinberra aðila og tenging við grasrótastarf í skólum víða um land hefur haft áhrif á verkefnið. Sama má segja um áhrif tæknilegs umhverfis og tæknilausna sem hafa haft veigamikil áhrif við uppbyggingu torgsins. Ekki væri síður fróðlegt í þessum samhengi að kanna áhrif virkra samskipta og samvinnu faghópa skólafólks á neti sem hefur vaxið og dafnað á síðustu misserum og skoða áhrif alls þessa á skólastarf í landinu.

Með því að fylgja eftir þeim sprotum sem náð hafa að dafna á torginu má sem best stuðla að samstarfi kennara án tillits til búsetu, styðja við símenntun og starfsþróun, flytja upplýsingar, miðla góðum fyrirmyndum, gefa ráð og kalla eftir viðbrögðum, samnýta þekkingu, reynslu og fé og umfram allt tryggja nemendum um allt land þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á óháð búsetu, stærð skóla.

Öllum þeim fjölmörgu aðilum sem lagt hafa verkefninu lið er þakkað fyrir framlag sitt til verkefnisins sem vonandi mun halda áfram að þróast og dafna á næstu misserum.

Heimildir

Etienne Wenger. *Communities of practice - a brief introduction*. Sótt 12.12.2012 af: <http://wenger-trayner.com/wp-content/uploads/2012/01/06-Brief-introduction-to-communities-of-practice.pdf>

Etienne Wenger og Beverly Trayner: *Social learning spaces in landscapes of practice*. Sótt 12.12.2012 af: <http://skrif.hi.is/rannum/2012/09/15/etienne-wenger-og-beverly-trayner-social-learning-spaces-in-landscapes-of-practice/>

Um MenntaMiðju. Sótt 12.12.2012 af: http://menntamidja.is/?page_id=13

Wenger, E., White, N. og Smith, J.D. (2009). *Digital Habitats: stewarding technology for communities*. Portland, OR: CPSquare.

Vefsíður sem vísað er til í þessari greinargerð

- Tungumálatorgið - www.tungumalatorg.is
- MenntaMiðja - www.menntamidja.is
- Íslenska sem annað mál - <http://tungumalatorg.is/isa>
- Verkfærakista - íslenska sem annað mál - <http://tungumalatorg.is/sk>
- Nemendur og úrræði - <http://tungumalatorg.is/sk/fra-starfsdegi>
- Efnisbanki í verkfærakistu - <http://tungumalatorg.is/sk/verkf%C3%A6rakista>
- Frétt frá starfsdegi kennsluráðgjafa - <http://tungumalatorg.is/sk/2012/03/22/myndir-fra-starfsdegi>
- Hringþingi um menntamál innflytjenda - <http://tungumalatorg.is/hringthing>
- Meir' en að segja það! Málþing um Móðurmál - <http://tungumalatorg.is/modurmal>
- Tékkneska fyrir börn á Íslandi - <http://tungumalatorg.is/tekkneska>
- Filippseyska móðurmálsfélagið - <http://tungumalatorg.is/filippseyska>
- Upplýsingavefur fyrir foreldra pólskra barna - <http://tungumalatorg.is/polska/>
- Leiðbeiningar um vefkerfið Mentor.is og eyðublöð til að óska eftir viðurkenningu á móðurmálskunnáttu og undanþágu frá skyldunámi í erlendu tungumáli - <http://tungumalatorg.is/isa/2012/08/24/lei%C3%B0beiningar-og-undan%C3%BEagur>
- Spænski vefurinn - <http://tungumalatorg.is/spaenska>
- Ítalski vefurinn - <http://tungumalatorg.is/italska>
- Polski ABC, pólskukennsla fyrir byrjendur - <http://tungumalatorg.is/polskiabc/is>
- Íslenska fyrir útlendinga - <http://tungumalatorg.is/ifu>
- Íslenska fyrir alla - <http://tungumalatorg.is/ifa>
- Viltu læra íslensku? - <http://tungumalatorg.is/vli>
- Prufuþáttur með Viltu læra íslensku? - <http://isl.khi.is/VLI/Gesturinn8/story.html>
- Vefurinn Íslenska erlendis - <http://tungumalatorg.is/islenskaerlendis>
- Facebook hópurinn íslenskukennslu fyrir íslensk börn búsett utan Íslands - <http://www.facebook.com/groups/284982248212549>
- Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi - <http://tungumalatorg.is/okkarmal>
- Brúin, samskiptaverkefni á netinu fyrir grunnskólanemendur - <http://tungumalatorg.is/bruin>

- Lokaskýrsla um Brúna - <https://www.dropbox.com/s/w1xuwwy7odwpeql/Br%C3%BAin-lokask%C3%BDrsla.pdf>
- Enski vefurinn - <http://tungumalatorg.is/enska>
- Samfélag dönskukennara - <http://tungumalatorg.is/danska>
- Gode idéer fra Dagný - <http://tungumalatorg.is/dagny>
- Nordlys - <http://tungumalatorg.is/nordlys>
- Norden - <http://tungumalatorg.is/nordenorden>
- Rejselærernes hjørne - <http://tungumalatorg.is/rejselaerer>
- Drivkraft - <http://tungumalatorg.is/drivkraft>
- Netdansk for unge - <http://netdansk.tungumalatorg.is>
- Mobilen i undervisningen - <http://tungumalatorg.is/mobilen>
- Spuni 2011 - <http://tungumalatorg.is/spuni>
- Spuni 2012 - <http://tungumalatorg.is/spuni2012>
- Spuni í Borgarfirði - <http://tungumalatorg.is/spuni-b>
- Spuni 2011 – Netverkfæri til náms og kennslu - http://tungumalatorg.is/files/2010/11/Menntakvika_Spuni2011.pdf
- Kennarinn, tæknin og verkfærin - <http://isbru.is/images/sumar2012/dagskra-isbru-sumar-2012.pdf>
- Vinnusvæði um námskrá í erlendum tungumálum - <http://tungumalatorg.is/ns-1>
- SÍSL-verkefnið - <http://tungumalatorg.is/sisl>
- Etienne Wenger og Beverly Trayner - <http://skrif.hi.is/rannum/2012/09/15/etienne-wenger-og-beverly-trayner-social-learning-spaces-in-landscapes-of-practice>
- Jóladaatal 2010 - <http://tungumalatorg.is/joladagatal>
- Jóladaatal 2011 - <http://tungumalatorg.is/joladagatal2011>
- Jóladaatal 2012 - <http://tungumalatorg.is/joladagatal2012>
- Kynningarsíða Tungumalatorgsins - <http://tungumalatorg.is/um-torgi%c3%b0/kynningar>